

Alþingi  
Erindi nr. P 133/1532  
komudagur 8.3.2007

UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24  
IS-108 Reykjavík, Iceland

© (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. mars 2007  
Tilvísun: UST20070200166/sf

### Tillaga til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007-2010

Vísað er til erindis samgöngunefndar Alþingis dags. 21. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007 til 2010.

Í athugasemdum við þingsályktunartillöguna kemur m.a. fram að uppbygging fjögurra ára áætlunar fyrir árin 2007–2010 er í samræmi við lög um samgönguáætlun, nr. 71/2002. Jafnframt kemur þar fram að unnið er eftir þeirri stefnumótun sem lögð var fram í tólf ára samgönguáætluninni fyrir árin 2007–2018. Umhverfisstofnun hefur gert athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2007-2018. Í þeim athugasemdum er m.a. bent á að ekki er hægt að meta, miðað við fyrirliggjandi upplýsingar, hvort ástæða er til að gera athugasemdir við einstakar framkvæmdir samkvæmt samgönguáætlun, t.d. vegna áhrifa á friðlýst svæði, sbr. umsögn Umhverfisstofnunar dags. 8 mars 2007.


Umhverfisstofnun vill þó gera athugasemdir við eftirfarandi:


#### Lyngdalsheiðarvegur

Samkvæmt tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2007 til 2010 er gert ráð fyrir að lagður verði nýr vegur milli Laugarvatns og Þingvallavegar nálægt Miðfelli.

Skipulagsstofnun féllst á lagningu Gjábakkavegar milli Laugarvatns og Þingvalla í Bláskógabyggð með úrskurði dags. 24. maí 2006. Sá úrskurður var kærður til umhverfísráðuneytis en úrskurður umhverfísráðherra liggur ekki fyrir. Umhverfisstofnun telur ekki rétt að gera ráð fyrir lagningu nýs vegar fyrr en úrskurður umhverfísráðherra um mat á umhverfisáhrifum Gjábakkavegar liggur fyrir.

Virðingarfyllt

  
Davíð Egilson  
forstjóri

  
Helgi Jónsson  
forstöðumaður